



## 1. fundargerð Afréttamálanefndar

Árnesi, 18. júní 2026

Kl. 13.00

### Mætt til fundar:

Guðmundur Árnason, Gylfi Sigríðarson og Vilborg Ástráðsdóttir

Formaður setur fund og óskar eftir athugasemdum við fundarboð, sem eru ekki. Vilborg ritar fundargerð.

1. **Afréttamálanefnd** óskar eftir breytingu á formannshlutverkum. Guðmundur Árnason biðst undan formennsku og stingur upp á Gylfa Sigríðarsyni í staðin. Nefndin óskar eftir að erindið verði samþykkt af sveitarstjórn. Guðmundi er að öðru leyti þökkuað góð störf.

### 2. Girðingamál

- Fara verður með girðingunni frá Sultartanga að Háafossi að viðbættu safngerðinu við Hólaskóg.
- Einnig þarf að lagfæra gerðið við *Skiptibrík* við Dalsá
- Einnig þarf að búa til tökuhólf við hesthúsið í Bjarnalækjarbotnum
- Athugandi hvort það girðingarefni sem var girt í kringum íþróttamiðstöðina mætti nota í tökugerðin/næturhólf
- Fara þarf með girðingunni tvisvar að sumri og að auki ef tilefni er til.

Farið verður í könnunarleiðangur til að skoða hestagirðinguna við Hólaskóg og athuga hvort tilefni sé til að minnka hana. Kynna þarf fyrir öðrum ferðalöngum sem nýta Hólaskóg í sumar að safngirðingin sé einungis fyrir fjallhesta að hausti. Setja þarf skilti í hliðið og er formanni falið að ræða við sveitarstjóra um framkvæmd á málinu.

### 3. Fjárrekstur haust 2026

Mikilvægt er að kynna með öllum hætti fyrir umferð akandi ferðalanga, þessa daga sem fjárreksturinn verður niður frá afrétti og í réttir, til að minnka eins og kostur er agnúa. Formanni er falið að ræða við sveitarstjóra um framkvæmd á málinu.

### 4. Vegabætur á afrétti

- Upphæð frá Vegagerðinni, til vegabóta inni á afrétti kemur í ljós í lok júní.
- Á áætlun er að halda áfram þar sem frá var horfið í fyrra.



5. **Nefndin** er sammála um að hefja undirbúning að rétta fé á Búrfellstúni 2027. Kanna þarf og undirbúa allar formlegar forsendur sem og að hefja undirbúning kostnaðaráætlunar  
Nefndin er sammála um að breytingarnar eru á forsendum dýravelferðar og öryggis manna og dýra.
6. **Nefndin** sammála um að fara ítarlega yfir fjallskil, kostnaðarliði, forsendur og fleira sem tengist fjallferðum.
7. **Nefndin** er alfarið á móti því að setja ónýtar heyrúllu í hestagirðinguna í Tjarnarveri í þeim tilgangi að græða upp land, þar sem gamalt heyj getur verið hættulegt fjallhrossum. Mikilvægt er að kanna ástandið og leita annarra leiða.
8. **Nefndin** óskar eftir upplýsingum um samning sveitarfélags við Hólaskóg og þá sérstaklega hvað varðar girðingamál í hestagirðingu.
9. **Uppbygging** fjallaskála á Gnúpverjaafretti. Nefndin fagnar ötulu starfi áhugafélagsins Starkarðs og hefur hug á að heyra betur um fyrirhugaðar uppbyggingarhugmyndir félagsins fjallaskálanna á afréttinum.

Fundi slitið 14:15

# Undirritunarsíða

Vilborg María Ástráðsdóttir



Undirritað af:  
Vilborg María Ástráðsdóttir  
0408754769  
Dags: 26.06.2026  
Tími: 13:10:43  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 3c8151a1-fc9a-  
4ff5-87d7-782ee97083b1

Guðmundur Árnason



Undirritað af:  
Guðmundur Árnason  
1012713589  
Dags: 27.06.2026  
Tími: 14:17:55  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 3c8151a1-fc9a-  
4ff5-87d7-782ee97083b1

Gylfi Sigríðarson



Undirritað af:  
Gylfi Sigríðarson  
0711892609  
Dags: 26.06.2026  
Tími: 13:11:38  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 3c8151a1-fc9a-  
4ff5-87d7-782ee97083b1